



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Nútímabókmenntir

ÍSLE3NB05

Kennsluáætlun vorönn 2021

Kennarar

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Stefán Hannesson (SHA)

Þuríður M. Björnsdóttir (PMB)

Áfangalýsing

Í áfanganum kynast nemendur íslenskri bókmenntasögu frá 1920 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði héraðs og erlendis. Nemendur kynast helstu höfundum þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann. Nemendur gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega með sérstöku tilliti til mismunandi stíls ólíkra höfunda.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmið og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

Námsefni

- Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. (2017). *Skáld skrifa þér – brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Dagur Hjartarson. (2016). *Síðasta ástarjátningin*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Efni frá kennurum.

Námsmat

15%	Ýmis verkefni
30%	Bókmenntasaga, próf og verkefni
25%	<i>Síðasta ástarjátningin</i> , próf og verkefni
20%	Kjörbókarritgerð
10%	Munnlegt próf

Nútímabókmenntir – vinnuáætlun vorönn 2021

Vika	Dags.	Viðfangsefni og verkefni
2	6.-8. janúar	Kynning á innihaldi áfanga, kröfum hans og áherslum.
3	11.-15. janúar	Farið yfir námsáætlun og fleira varðandi áfangann. Ritunarverkefni. Tímabilið 1920-1930. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 13-23.
4	18.-22. janúar	Tímabilið 1930-1950. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 25-69.
5	25.-29. janúar	Tímabilið 1950-1970. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 71-123.
6	1.-5. febrúar	Tímabilið 1968-1990. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 125-143.
7	8.-12. febrúar	Tímabilið 1990 til okkar daga. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 144-173. Verkefni/próf um bókmenntasögu.
8	15.-19. febrúar Kátir dagar 17. og 18. feb.	Bókmenntasaga, samantekt.
9	22.-26. febrúar Miðannarmat	Síðasta ástarjátningin – bls. 9-45. Verkefni úr bókinni. Krossapróf úr allri bókinni.
10	1.-5. mars Áfangamessa	Síðasta ástarjátningin – bls. 47-95. Verkefni úr bókinni.
11	8.-12. mars Valdagur 10. mars	Síðasta ástarjátningin – bls. 99-163. Próf/verkefni úr bókinni.
12	15.-19. mars Flóafár 19. mars	Síðasta ástarjátningin – bls. 167-240. Próf/verkefni úr bókinni.
13	22.-26. mars	Síðasta ástarjátningin, samantekt. Umræður um kjörbók og ritgerðarvinnu.
14	29. mars-2. apríl	Páskafrí
15	5.-9. apríl Páskafrí 5.-6. apríl	Ritgerðarvika. Unnið að uppkasti og drögum að lokaverkefni/ritgerð.
16	12.-16. apríl	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum, verkefnavinna.
17	19.-23. apríl Sumardagurinn fyrsti 22. apríl	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum, verkefnavinna. Kjörbókarritgerð skilað.
18	26.-30. apríl	Munnleg próf.
19	2.-7. maí Síðasta kennsluvika	Munnleg próf. Samantekt og uppsóp.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.